

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar

Hafnarstræti 1

400 Ísafirði

16. nóvember 2020

Efni: Beiðni um fjárframlag vegna Tungumálatöfra 2021

Hjálag: Fylgiskjal með nánari upplýsingum um verkefnið

Tungumálatöfrar er félag sem stendur fyrir íslenskunámskeiðum fyrir fjöltyngd börn og unglinga þar sem áherslan á leik og listsköpun er samþætt kennslufræðilegri nálgun. Starfsemi félagsins er í örur vexti og þróun og verða námskeiðin á næsta ári orðin þrjú. Á næsta ári fögnum við fimm ára afmæli Tungumálatöfra sem yfir 200 börn hafa sótt námskeið hjá undanfarin fjögur ár. Með þessu bréfi viljum við óska eftir fjárframlagi að upphæð **1.000.000 kr. frá Ísafjarðarbæ** til að styðja við þetta þarfa verkefni. Við höfum enn fremur áhuga á að gera samning til nokkurra ára sé þess kostur.

Markmið

Markmiðið með Tungumálatöfrum er að bjóða upp á íslenskunámskeið fyrir fjöltyngd börn og unglinga með listsköpun og leik. Félagið stuðlar enn fremur að rannsóknum og þróun námsefnis sérstaklega með börn innflytjenda í huga og börn búsett erlendis með íslenskar rætur. Tungumálatöfrar vilja stuðla að samstarfi og samvistum ólíkra samfélagshópa fagna fjölbreytni samfélagsins með bæjarhátíð sem er opin öllum og fer fram á Ísafirði við námskeiðslok ár hvert.

Tungumálatöfrar 2021

Tungumálatöfrar er áhugafélag um fjöltyngi og fjölmenningu sem standa fyrir íslenskunámskeiðum í Ísafjarðarbæ. Starfsemin hefur verið að eflast þau fjögur ár sem félagið hefur starfað og skiptist hún í þrjá megin þætti.

1. Námskeið
2. Rannsóknir og námsefnisþróun
3. Bæjarhátíð

Árið 2021 verða haldin þrjú námskeið en áður hefur starfsemin snúist um eitt viku námskeið fyrir 5 – 11 ára aldurshópinn í Edinborgarhúsinu í ágúst. Nú verður boðið upp á tvö slík sem fram fara fyrstu tvær vikurnar í ágúst 2021.

Til viðbótar erum við að þróa sumarþúðir fyrir 12 – 16 ára börn. Þetta gerum við með það í huga að þau börn sem sótt hafa námskeiði hjá okkur geti haldið áfram þegar þau eru komin yfir þann aldur sem grunnnámskeiðið getur þjónað. Við gerum þetta líka með það í huga að þróa frekar menningartengda ferðaþjónustu og laða að fjölskyldur annars staðar af landinu og frá útlöndum. 2020 var tilraunanámskeið fyrir þennan aldurshóp þar sem boðið var upp á útivist í Öfundarfirði. Í framhaldinu varð til samtali við Lýðskólann á Flateyri. Starfsmenn Tungumálatöfra og starfsmenn Lýðskólans munu eiga samstarf um að þróa sumarþúðir sem hefjast sumarið 2021.

Árið 2020 hófst rannsóknarsamstarf við prófessorembættið á Hrafnseyri og Árnastofnun. Báðar stofnanir sjá þörfina á að þróa aðgengilegra námsefni sem tekur mið af þörfum fjöltyngdra barna. Félagið sækir um styrki m.a. í Nýsköpunarsjóð námsmanna, Námsgagnasjóð og í Barnamenningarsjóð til að örva þann þátt starfseminnar. Samhliða þessu er boðið upp á árlegt málþing þar sem fólk sem starfar að samþættun í samfélaginu og þróar íslenskukennslu í fjölmenningsamfélagi kemur saman og skoðar það mikilvægasta sem er verið að rannsaka og það sem þarf að rannsaka og þróa. Í tengslum við þetta sjáum við að á Ísafirði og Hrafnseyri geti orðið miðstöð fyrir námsefnisgerð og rannsóknir tengdar fjöltyngi og fjölmenningu.

Töfraganga er bæjarhátíð sem þróast hefur samhliða árlegu námskeiði. Þar er Vestfirðingum allra landa boðið að koma saman og bjóða upp á matarupplifun, skemmtun og leiki. Hátíðin er orðinn fastur liður í bæjarlífi Ísfirðinga og er opin öllum.

Hér fylgir kynningarmyndband um Tungumálatöfra.

<https://www.youtube.com/watch?v=bE4R5DTT73Y&t=7s>

Samstarfið við Ísafjarðarbæ

Á undanförunum árum hefur Ísafjarðarbær stutt námskeiðið sem haldið einu sinni fyrir 5-7 ára börn í eina viku í senn. Ísafjarðarbær hefur líka tekið þátt í kynningarsamstarfi vegna verkefnisins. Þá hafa fulltrúar bæjarins sótt stefnumótunarfundi og skoðað hvernig verkefnið getur þjónað hlutverki sem gagnast börnum innan bæjarfélagsins.

Samstarfið hefur því bæði falist í að tryggja lágmarksrekstrargrundvöll til að verkefnastjóri geti sinnt nauðsynlegum undirbúningi og annarri fjáröflun en eins í samtali um hvernig verkefnið geti best þjónað börnum bæjarfélagsins með sérstaka áherslu á börn innflytjenda.

Félagið hefur tryggt fjármögnun frá Barnamenningarsjóði og Prófsessorembættinu á Hrafnseyri tvö ár í röð auk þess sem Uppbyggingarsjóður hefur styrkt verkefnið. Þá hafa verkalyðsfélög og fyrirtæki á svæðinu tekið virkan þátt í að styðja við börn starfsmanna eða umbjóðenda sinna.

Tungumálatöfrar finna að verkefnið nýtist sem gott innlegg í samtal um íslenskukennslu í fjölmenningsamfélagi og í samþættingu ólíkra þjóðfélagshópa. Félagið er með mjög öfluga kennara sem sjá þörfina og möguleikana á að útvíkka starfsemina til muna og styrkja þannig stöðu ísfirskra barna úr fjölmenningsamfélaginu um leið og öll börn sem þurfa íslenskuörvun eru boðin velkomin til Ísafjarðar með fjölskyldum sínum.

Á þeim forsendum óskum við eftir samtali um að fjárframlag bæjarins verði aukið og að samið verði til þriggja ára í senn.

Í þessu samhengi viljum við líka benda á gagnsemi þess að boðið sé upp á strætóferðir fyrir börn úr öllum þorpunum innan bæjarins og að það sé hluti af samstarfinu.

Fyrir hönd Tungumálatöfra,

Anna Hildur Hildibrandsdóttir stjórnarformaður
Matthildur Helgadóttir Jónudóttir gjaldkeri

www.facebook.com/tungumalatofrar

Netfang: tungumalatofrar@gmail.com